

113. Stjórnarfundur Kraft.

113. stjórnarfundur KRAFT var haldinn í A-sal ÍSÍ 16.júni 2020 og hófst kl 17.00

Mættir: Gry, Auðunn, Laufey. Þórunn og Aron Ingi voru mætt gegnum tölvu. Inga Maria og Muggur boðuðu forföll. Lára, starfsmaður KRAFT, og Róbert Kjaran, formaður landsliðsnefndar, sátu fundinn. Þetta gerðist:

FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR.

Samþykkt

MÓTAMÁL

EPF hefur ákveðið að hætta við WEC og hefur það verið tilkynnt. Stjórnin þakkar Massa fyrir að hafa tekið að sér mótahaldið með skömmum fyrirvara og fyrir alla undirbúningsvinnu.

Aron fylgir eftir að EPF endurgreiði staðfestingagjaldið.

Stjórnin hefur samþykkt tillögu mótanefndar um að halda ÍM með og án búnaðar 12 og 13 september í Njarðvíkum. Enn er verið að vinna í endurskoðun mótaskrár fyrir haustið.

REGLUGERÐARBREYTING

Samþykkt var eftirfarandi breyting á 20. gr. Reglugerðar um kraftlyftingakeppni:

Keppnisgjald

Aðildarfélagin greiða þátttökugjald fyrir sína keppendur innan auglýsts tímafrests og tekur skráning ekki gildi fyrr en gjaldið hefur verið greitt. Keppnisgjald er ákveðið á kraftlyftingaþingi. Núgildandi gjald: á mótum þar sem keppt er í öllum þremur greinum skal vera 7000 krónur, en 5500 krónur þegar keppt er í einni grein. Stjórn KRAFT getur ákveðið önnur gjöld fyrir einstök mót. Gjaldið rennur til mótshaldara að frásældum 1000 ISK af hverju gjaldi sem renna til unglingsstarfs KRAFT. ~~Gjaldkeri KRAFT innheimtir þetta gjald frá mótshaldara þegar lokaskráningarfrestur er útrunninn~~

Gry gerir breytingarnar og tilkynnir til félaga og á kraft.is

RIG 2021

Ákveðið var að taka þátt í RIG 2021 með sama hætti og undanfarin ár.

Gry falið að leita samstarfs við kraftlyftingadeild Ármanns, en stjórn mun ábyrgjast að deildin beri ekki kostnað af mótahaldinu.

FAGTEYMISMÁL

Búið er að semja við Atlas og Agnesi Árnadóttur um samstarf.

Ákveðið að styrkja keppendur í A-hópi um allt að 200 000 kr og í B-hópi um allt að 100 000 á árinu við kaup á þjónustu frá löggiltum fagaðilum.

Gry/Lára senda bréf á keppendur. **Aron/Lára** sjá um endurgreiðslu og utanumhald.

Auðunn skoðar möguleika á fleiri samtarfsaðila, næringafræðing og sálfræðing.

LANDSLIÐSMÁL

Auðunn og Róbert kynntu landsliðsval seinni hluta árs og var það samþykkt.

Stjórnin samþykkir þátttöku í öllum verkefnum eftir því sem aðstæður leyfa, en keppendur þurfa sjálfir að kynna sér og fara eftir reglum um ferðalög og sóttvarnir.

Lára sér um að samningar séu í lagi.

Róbert setur upp plan með áætlaðan kostnað svo stjórn geti ákveðið hvernig styrkjum verði háttað.

113. Stjórnarfundur Kraft.

SAMNINGUR VIÐ ASJ

Aron gerði grein fyrir stöðu mála gagnvart ASJ. Hann mun ganga frá málum við Fanney.

ÖNNUR MÁL

Þjálfaranámskeiðið – upplýst að Verkefnasjóður ÍSÍ hefur styrkt verkefnið um 100 000 kr. Námskeiðið hefur tafist vegna Covid19. Ákveðið að gefa fleirum tækifæri til að bætast í hópinn upp að ákveðnu marki.

Verkaskipting stjórnar – Inga María er komin í fæðingarorlof og tekur Laufey við ritarastarfinu. Muggur hefur beðist undan verkefnum. Gry tekur við vefsíðu og Lára og Laufey við samfélagsmiðlana. Ákveðið var að beina til laganefndar að skoða lagaákvæði vegna breytinga á skipan stjórnar á kjörtímabili.

Fundarritari Gry Ek